

Lög Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

2.gr.

Heimili og varnarþing er Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar, Hvalfjarðarsveit 301 Akranes.

3.gr.

Tilgangur félagsins:

- Að vinna að heill og hamingju barna og ungmenna skólans.
- Að koma á lifandi samstarfi milli skólans og heimilanna.
- Að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu barnanna og skólans.

4.gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- Að halda fræðslufundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni.
- Að efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsfólk skólans.
- Að efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans.
- Að veita aðstoð í starfi skólans í þágu barnanna.
- Að styðja við og taka þátt í menningarviðburðum og félagslífi innan skólans.

5.gr.

Félagsaðild

- Foreldrar/forráðamenn barnanna eru sjálfkrafa félagar.

6.gr.

Stjórn félagsins

- Aðalstjórn skal skipuð sex aðilum úr hópi foreldra, þrem af grunnskólasviði og þrem af leikskólasviði. Auk þessa skulu tveir áheyrnarfulltrúar sitja í aðalstjórn, einn af hvoru sviði.
- Fjórir fulltrúar skulu vera kosnir í varastjórn, tveir af hvoru sviði
- Stjórnarmenn skulu kosnir til a.m.k. eins árs í senn á aðalfundi en tveir stjórnarmenn skulu sitja í tvö ár, einn af hvoru sviði.
- Stjórnin skiptir með sér verkum og boðar formaður stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir eða a.m.k. þrisvar á skólaári.

- Stjórnin velur þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði og tvo áheyrnarfulltrúa í Fræðslu og skólanefnd, einn af hvoru sviði.

7.gr.

Foreldrafélagið starfar skv. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

8. gr.

Árgjald félagsins er ákveðið árlega á aðalfundi, eitt gjald er fyrir hvert heimili.

9.gr.

Aðalfund ber að halda í upphafi hvers skólaárs og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara, að auki skulu vera að lágmarki þrír stjórnarfundir yfir skólaárið. Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

10. gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboðum með minnst viku fyrirvara.

11. gr.

Slit foreldrafélagsins

- Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Lög þessi voru samþykkt (með fyrirvara) á aðalfundi sem haldinn var 29. maí 2012.

Undirskriftir stjórnarmeðlima
